Hugmyndin er *hús*

– Hannes Lárusson ræðir um hús og hugmyndir

Hannes Lárusson myndlistarmaður opnar í dag innsetningu í vestursal Kjarvalsstaða sem er samsett úr mörgum ólíkum hlutum. Þegar blaðamaður DV kemur á staðinn meðan verið er að setja sýninguna upp minnir listasafnið eiginlega meira á trésmíðaverkstæði. Inni í vestursalnum eru risin ellefu smáhýsi og mynda lítið þorp. Upp í hugann koma ljóðlínur borgarskáldsins Tómasar Guðmundssonar sem sagði: Bærinn er skrýtinn. Hann er fullur af húsum.

Hannes finnst á rangli í völundarhúsi smáhúsa sinna sem eru, eins og títt er um hús, enn á byggingarstigi og rétt eins og stoltur húseigandi gengur Hannes með mér um þorpið og sýnir mér húsin eins og þau eiga að verða en eru ekki orðin því þarna liggja hurðirnar, þarna er þetta og þarna er hitt.

Þau verða öll eins en þó ekki eins.

Þau eru öll jafnstór og eins í laginu og eins á litinn en engar tvær hurðir eru þó eins á litinn. Á stafni húsanna hanga tvær ausur sem mynda nokkurs konar vísi að andliti. Þær eru næstum því eins en samt ekki. Freistist sýningargestir til þess að opna húsin geta þeir stigið upp í stiga og litið upp á nett loft sem í hverju húsi fyrir sig og þá ómar í eyrum þeirra texti eða textahjal sem er í meginatriðum eins í öllum húsunum en þó sérstakt fyrir hvert hús. Þessi texti er eiginlega ekkert sérstakt heldur er kerfisbundið tengdur stafrófinu og mun þurfa að heyra til að skilja.

Hvað er sett inn í hvað?

Listamaður og blaðamaður setjast niður í kaffiteríu Kjarvalsstaða og Hannes er beðinn að útskýra hvað innsetning þýðir á mannamáli en listaverk eins og þetta flokkast undir innsetningu. Hannes útskýrir af stakri þolinmæði að innsetning sé listaverk þar sem rýmið er meðvitaður hluti af verkinu.

„Það má segja að við innsetningar taki listamaðurinn mið af mun fleiri þáttum en hlutnum sjálfum. Þetta verk er unnið sérstaklega inn í þennan sal og salurinn var tilefni verksins," segir Hannes.

– En hvað skyldi listamaðurinn vera að segja okkur með þessu verki? Hvernig á mér að líða þegar ég stend inni í þéttri byggð smákofanna í vestursalnum?

Hannes horfir á mig eins og ég myndi horfa á torskilið listaverk og fer nokkrum orðum um að almennt leggi fólk of mikið upp úr því að skilja list einhverjum einum skilningi. Það er ekki til neinn einn sannleikur, segir hann. Það er ekki til neinn „réttur" skilningur, segir hann. Það má ekki setja listina of mikið upp á stall þar sem enginn nær til hennar, segir hann.

Verk í nokkrum lögum

„Þetta verk er í nokkrum lögum. Þetta er á mörkum þess að vera myndlist, hönnun og nytjalist. Þetta er ekki módel af neinu og ekki hægt að stækka þessi hús upp. Byggingarlagið er ekki þannig að þetta séu eins og raunveruleg hús. Hugmyndin er hús og hugmyndin er samfélag ellefu húsa sem öll eru áþekk en þó öll ólík.

Þetta er samfélag eins og ég hef áður byggt í listum. Það er byggt á tungumálsgrunni en ekki sérstaklega byggt á raunveruleikanum. Þetta er áþekkt fyrri sýningum mínum að mörgu leyti,"

Allt þetta segir Hannes meðan við drekkum kaffi úr teríunni sem er frekar bragðvont og ég þarf að borga fyrir en hann fær ókeypis. Þetta mun vera partur af forréttindum myndlistarmanna en er varla öfundsvert.

– En hvernig er þetta nytjalist? Má ég kaupa eitt húsið og nota það sem verkfæraskúr í garðinum mínum?

„Það er nytjalist því fólk lítur á það sem nytjahlut. Það getur ekki slitið sig frá því að hús sé nytjahlutur og þess vegna tekur það í húninn og opnar þótt almennt eigi ekki að snerta hluti á listsýningum."



Hannes Lárusson og hús

Hannes Lárusson opnar í dag sýningu á Kjarvalsstöðum þar sem hann hefur byggt ellefu smáhýsi inni í vestursalnum. Þau er öll eins en samt ekki eins.

Á jaðri jaðarsamfélags

– Ertu þá að atast í áhorfendum?


„Ég er að spila á mannlegt eðli, bæði mannlega forvitni og margræðni hluta. Hugmyndir skarast og stundum erfitt að ákveða hvað hluturinn er. Þannig verður til hugmyndaleg sjónhverfing. Mér finnst þetta vera svið sem tiltölulega fáir í myndlist eru að vinna í en gefur manni færi á að horfa á myndlist, arkitektúr og hönnun utanfrá og vera hæfilegur þátttakandi í öllu saman."

Hannes segist alltaf hafa litið á sig sem jaðarlistamann í íslenskri list og bendir á að íslensk myndlist og íslenskt samfélag tilheyri jaðarsamfélagi heimsins.

„Mér finnst það ríma ágætlega saman að vera úti á jaðrinum á jaðri heimsins."

Hvað þýða hús fyrir okkur?

Við förum að tala um hús og þýðingu þeirra en samtal okkar er í rauninni leit að því hvert listamaðurinn er að fara. Hannes rifjar upp fyrir mér tilvitnun í Halldór Laxness þar sem söguhetja skáldsins segir að sá sem á ekki hús sé ekki maður. Það sama skáld sagði líka að ef maður ætti lífsblóm þá byggði maður yfir það hús. Þannig getum við rökrætt okkur til þeirrar niðurstöðu að hús séu Íslendingum með einhverjum hætti hjartfólgnari en öðrum þjóðum. Þjóðir líta á hús sem hlut til að búa í en okkur er það annað og meira. Einhver sjálfstæðisyfirlýsing, einhver afstaða. Einhvern tímann var sagt að það kæmi í stað herskyldu á Íslandi að eignast þak yfir höfuðið. Þetta fæðir af sér spurninguna hvort eitthvað sé séríslenskt við smáþorp Hannesar annað en það að höfundurinn er Íslendingur.



Hvaða hús?

Hús hafa aðra merkingu fyrir Íslendinga en aðrar þjóðir.

„Það er kannski séríslenskt að vera að fást við hús. Við hlöðum hús oft meiri merkingu en margar aðrar þjóðir. Hús fyrir okkur er meira en hús en ég hafði meira í huga að vera í samræðu við listina eins og hún er í heiminum en að hinu leytinu þá finnst mér sumt í þessu vera séríslenskt, kannski er það þessi netta óreiða og óstýrilæti."

Ísland stóð þar utangátta

Hannes segir að íslensk myndlist sé almennt ekki mikill partur af myndlistinni í heiminum en hún gæti verið það og ætti að vera það.

„Íslensk menning og íslensk myndlist er of mikið utangátta í alþjóðlegri list. Þetta er að hluta skortur á metnaði. Við þurfum að miða alltaf við það besta í greininni. Íslensk myndlist er ekki í alþjóðlegri umræðu, hún er meira innhverf og í því að efla liðsandann inn á við.

Sannleikurinn er sá að við höfum getu til þess og við höfum góða vinnuaðstöðu og sýningaraðstöðu en okkur vantar áræði og kjark og sjálfstraust. Við þurfum að skilgreina okkur sem hluta af alþjóðlegri hringiðu listarinnar. Reykjavík ætti að vera einn af viðurkenndum viðkomustöðum í alþjóðlegri myndlist."

Tíska að vera óþekktur

– En er íslensk myndlist ekki einangruð í sínu eigin samfélagi?

„Íslenskt samfélag er aftarlega á merinni hvað myndlist snertir. Nútímamyndlist er ekki eins marktækur hluti af lífi fólks eins og sums staðar erlendis. Í Bretlandi t.d er flott að vera í myndlist, það þykir fínt en það er það ekki á Íslandi."

– Hannes segir að Íslendingar hafi vafasamar og úreltar hugmyndir um nútímamyndlist. Flestir haldi að hér hafi ekkert gerst síðan 1970 en hið rétta sé að margt merkilegt hafi gerst á síðustu 20 árum.

„Það er til nokkurs skaða fyrir íslenskt samfélag að nútímamyndlist skuli ekki vera tekin alvarlega. Þetta er í rauninni nokkuð einkennilegt. Ég held að þetta sé að hluta til listamönnunum sjálfum að kenna. Þeir hafa lengi haft ofurtrú á grasrótarstarfi eða „underground" list en listamönnum er tamt að leita þangað á umbrotatímum en þar hefur átt sér stað ákveðin úrkynjun því listamenn hafa ekki breytt nálgun sína til samfélagsins heldur eru kyrrir í grasrótinni. Þeir hafa ekki endurnýjað tengslin við samfélagið. Það hefur of lengi verið í tísku meðal listamanna að vera helst alveg óþekktur en þetta þarf að fara að breytast."

Innilokun og nesjamennska

Hannes bendir á að bókmenntir og tónlist hafi náð þeirri snertingu við sitt samfélag og alþjóðasamfélagið sem nauðsynlegt er. Hann segir að myndlist liggi vel fyrir Íslendingum og í stétt myndlistarmanna leynist mikið af hæfileikum og atgervi en það skorti eðlilegan fókus og fyrir það líði listin.

„Ef allt væri eðlilegt ættum við að eiga á hverjum tíma tvo til þrjá myndlistarmenn sem stæðu traustum fótum í alþjóðlegri myndlist en sannleikurinn er sá að við eigum oft engan og sumir er rétt við jaðarinn."

Hannes segir að þetta hafi leitt til ákveðinnar innilokunar og nesjamennsku í íslenskri myndlist en segist samt sjá nokkur merki þess hjá ákveðnum hópi myndlistarmanna og þeirra sem láta sig þessi mál varða, að breytingar séu í nánd.

„Við eigum nokkra listamenn sem standa vel að vígi en eru ekki í hinni alþjóðlegu hringiðu og þessu þarf að breyta og ég held að það sé að gerast." -PÁÁ

Hin hliðin

Elísabet Jökulsdóttir er höfundur leikritsins Íslands þúsund tár sem frumsýnt verður í Nemendaleikhúsi Listaháskóla Íslands í kvöld kl. 20. Hún féllst á að sýna á sér hina hliðina að þessu sinni.



Fullt nafn:
Elísabet Kristín Jökulsdóttir.

Fæðingardagur og ár:
16. apríl 1958.

Maki:
Fráskilin.

Börn:
Þrír synir.

Bifreið:
Saab '90, blár.

Skemmtilegast að gera:
Fylgjast með sjálfri mér reyna að verða fullkomin.

Leiðinlegast að gera:
Fylgjast með sjálfri mér verða fullkomin

Uppáhaldsmatur:
Þegar einhver annar en ég eldar.

Uppáhaldsdrykkur:
Vatnið úr lófa mínum.

Fremstur íþróttamanna:
Ég, þegar ég er að keppa við fituhlunkinn á næstu braut við mig í Sundlaug Vesturbæjar.

Fallegasti karl/kona:
Ég, þegar ég horfi lengi í spegil.

Með eða móti ríkisstjórninni?
Ég er andvíg.

Hvern langar þig að hitta?
Mig þar sem ég er örugg og er ekki með nein fíflalæti en get samt verið krútt.

Uppáhaldsleikari:
Ég, þegar ég lék Hamlet sem tók hirðmeyju aftan frá.

Uppáhaldsleikkona:
Ég þegar ég er alein heima og enginn sér.

Uppáhaldstónlistarmaður:
Ég sem stundum lítil lög sem ég syng fyrir hafið, fossa landsins og sturtuna í Vesturbæjarlauginni.

Uppáhaldsrithöfundur:
Ég, þegar allt smellur (og þegar ég fæ góða dóma).

Uppáhaldsbók:
Galdrabók Ellu Stínu eftir mig.

Uppáhaldsstjórnmálamaður:
Ég, þegar ég lýg og nota persónutöfrana um leið.

Uppáhaldsteiknimyndapersóna:
Mér dettur í hug að gera teiknimyndaseríu um Ellu Stínu og brellurnar hennar.

Eftirlætissjónvarpsefni:
Þegar ég er í sjónvarpinu, mætti vera oftar.

Uppáhaldsútvarpsstöð:
Þá útvarpsstöð sem útvarpar mér.

Uppáhaldssjónvarpsstöð:
Sú sem ég stilli á í hvert sinn.

Uppáhaldssjónvarpsmaður:
Ég yrði örugglega góður sjónvarpsmaður.

Uppáhaldsskemmtistaður:
Heimili mitt og hálendi Íslands. Leikhúsið og KR-völlurinn.

Hverju stefnirðu að?
Halda áfram að vera ég eftir dauðann eða hætta því og nóbelsverðlaununum 2033.

Hvað óttastu mest?
Sjálfa mig, veit samt ekki hvers vegna. (En ég er olíulind, eldfjall og svona ýmislegt.)

Hvaða eftirmæli viltu fá?
Hún var ég.